



# Erindisbréf fyrir bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar

## I. Kafli Skipan, umboð og hlutverk

### 1. gr.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar er kosið af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fer það í umboði bæjarstjórnar með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin eins og nánar er kveðið á um í erindibréfi þessu og í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar.

Nefndin er á stjórnsýslu- og fjármálasviði Sveitarfélagsins Árborgar.

### 2. gr.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar er skipuð þremur fulltrúum og jafn mörgum til vara, auk þess sem áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi taki sæti í nefndinni í samræmi við 42. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar þegar við á.

Skipun fulltrúa miðast eitt ár í senn en kosið er í bæjarráð á fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna. Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Á tímabilinu eftir kosningar eru valdheimildir nefndarinnar þó takmarkaðar sbr. 12. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

Undir verksvið bæjarráðs falla m.a.: ásamt bæjarstjóra fjármálastjórn bæjarins að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningur árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og viðaukum við hana, og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Bæjarráð hefur eftirlit með að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana bæjarins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð hefur umsjón með jafnréttismálum, sbr. 13. gr. laga um stjórnsýslu jafnréttismála nr. 151/2020.

Að öðru leyti fer bæjarráð með öll þau ólögbundnu verkefni sveitarfélagsins sem ekki eru falin öðrum fastanefndum, t.a.m. atvinnu-, upplýsinga- og markaðsmál.

## II. Kafli Starfsmenn, fundir og starfshættir

### 3. gr.

Bæjarstjóri er starfsmaður bæjarráðs og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Skulu bæjarráðsmenn snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykkt bæjarráðs.

Á fundi bæjarráðs er heimilt að kalla til aðra s.s. sviðstjóra og aðra starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem þurfa þykir og/eða þegar fjallað er um mál sem viðkomandi starfsmaður hefur þekkingu á.

Bæjarstjóri í samvinnu við starfamenn stjórnsýslu- og fjármálasviðs boðar fundi bæjarráðs í samráði við formann ráðsins. Bæjarráð heldur fundi einu sinni í viku á fimmtudögum kl. 8:10. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri sveitarfélagsins, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.



#### 4. gr.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Til fundar telst löglega boðað hafi fundur verið boðaðir skriflega með a.m.k. tveggja sólahringa fyrirvara og jafnframt greint frá dagskrá fundarins, fundarstað og tíma. Bæjarráði er heimilt að ákveða að fundarboð verði send með rafrænum hætti.

Bæjarráðsfulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, skili hann efni þess til formanns bæjarráðs, bæjarstjóra eða svisðstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Ef gögn eða erindi innihalda trúnaðarupplýsingar eða aðrar viðkvæmar upplýsingar getur bæjarstjóri eða formaður bæjaráðs ákveðið að afrit gagnanna fylgi ekki fundarboði heldur að bæjarráðsmenn komi á skrifstofu sviðsstjóra og kynni sér efni gagnanna þar.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar bæjarráðs getur fyrirvari um fundarboð ráðsins verið skemmri.

#### 5. gr.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, á grundvelli erindisbréfs skv. 10. tölul. 5. gr. samþykktar þessarar, án staðfestingar bæjarstjórnar, ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans,
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála nema lög mæli á annan veg. Bæjarráð hefur heimild til fullnaðarákvörðunar um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins og sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

Ef mál sem bæjarráð hefur heimild til að afgreiða eru samþykkt samhljóða í bæjarráði hefur bæjarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótakvæði kemur fram í bæjarráði við afgreiðslu máls, biður frekari vinnsla þess afgreiðslu bæjarstjórnar.

Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Fulltrúi í bæjarráði hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi bæjarráðsmanna fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga um hæfi og eftir atvikum ákvæðum stjórnsýslulaga.

Þeir sem sitja fundi bæjarráðs skulu gæta fyllsta trúnaðar um öll mál er rædd eru á fundum. Þagnarskylda gildir áfram þó látið sé af störfum.

Um fundarsköp og málsmeðferð í bæjarráði fer eftir því sem við á samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar. Formaður bæjarráðs stýrir fundum ráðsins.

Rita skal fundargerð nefndarinnar í sérstaka fundargerðabók eða tölvuskrár þær skv. þeim reglum sem bæjarstjórn setur. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja fund og hvenær fundi er slitið.

Allar tillögur sem fram eru bornar á fundum skulu skráðar í fundargerð, sama gildi um samþykktir og ályktanir bæjarráðs. Allir sem viðstaddir eru fundi skulu undirrita fundargerð.

Öll trúnaðarmál skulu færð í ítarbókun fundar í fundargerðarkerfi.

Bæjarstjóri og starfmenn stjórnsýslu- og fjármálasviðs skulu varðveita málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga og önnur trúnaðargögn með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi geti ekki fengið aðgang að þeim gögnum.



### **III. Kafli**

#### **Markmið og verkaskipting**

##### **6. gr.**

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði stjórnsýslu Sveitarfélgsins Árborgar og vinnur að því að stjórnsýsla bæjarfélagsins verði á hverjum tíma sem skilvirkust og hagkvæmust. Bæjarráð skal vera stefnumótandi ráð fyrir stjórnkerfi bæjarins og móta reglur um ábyrgðarmörk kjörinna fulltrúa og stjórnenda. Bæjarráð vinnur að því að nýta rafræn upplýsingakerfi og stafræna stjórnsýslu til að stuðla að skilvirkum vinnubrögðum og greiða fyrir aðgangi almennings að upplýsingum og stofnunum bæjarins og beitir sér fyrir fræðslu kjörinna fulltrúa og starfsfólks ásamt því að stuðla að faglegum stjórnunarháttum Sveitarfélagsins Árborgar.

##### **7. gr.**

Bæjarráð skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er í sínum eigin eða einstakra hópa. Eru fundarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

### **IV. Kafli**

#### **Þagnarskylda**

##### **8. gr.**

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim sem fengið hafa vitneskju um einkahagi einstaklinga, vegna starfa sinna í bæjarráði eða á vegum nefnda og ráða sveitarfélagsins. Starfsmenn og nefndarmenn skulu undirrita drengskapsheit um þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að starfsmenn hætta störfum. Sviðstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs skal annast um að slík heit séu undirrituð.

### **V. Kafli**

#### **Gildistaka**

##### **9. gr.**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar nr. 813/2018 með síðari breytingum.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar 2. september 2026

Bragi Bjarnason, bæjarstjóri